

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Ingu Sæland um notkun hegðunarlyfja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver var fjöldi ávísana á tauga- og geðlyf (hegðunarlyf) til drengja á grunnskólaaldri á árunum 2000–2018, hve margir drengir á þessu aldursbili fengu ávísanir á slík lyf og hvert var hlutfall þeirra af heildarfjölda drengja á grunnskólaaldri á árabílinu, sundurliðað eftir árum?
2. Hver var fjöldi ávísana á tauga- og geðlyf (hegðunarlyf) til stúlkna á grunnskólaaldri á árunum 2000–2018, hve margar stúlkur á þessu aldursbili fengu ávísanir á slík lyf og hvert var hlutfall þeirra af heildarfjölda stúlkna á grunnskólaaldri á árabílinu, sundurliðað eftir árum?

Skilningur embættis landlæknis og ráðuneytisins er að með hegðunarlyfjum sé átt við lyf sem efla heilastarfsemi og notuð eru við athyglisbresti með ofvirkni (ADHD). Í úrtakinu úr lyfjagagnagrunni embættis landlæknis er því miðað við lyfjaflokk N06B (alþjóðlegt flokkunarnúmer, ATC-Anatomical Therapeutic Chemical classification) og aldurinn 6–16 ára. Niðurstöður birtast í eftirfarandi töflum þar sem tafla 1 tekur til fjölda einstaklinga og tafla 2 miðast við ávísaða dagskammta á hverja þúsund íbúa. Miðað er við skilgreinda dagskammta Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Lyfjagagnagrunnurinn nær aðeins aftur til ársins 2003 og því eru notkunartölur árána 2000–2002 ekki fyrirleggjandi.

ÁR	Drengir	Mannfjöldi	Hlutfall	Stúlkur	Mannfjöldi	Hlutfall
2003	1244	25125	4,95%	347	23850	1,45%
2004	1409	25391	5,55%	427	24019	1,78%
2005	1391	25402	5,48%	426	24144	1,76%
2006	1480	25214	5,87%	468	24136	1,94%
2007	1578	25155	6,27%	500	24160	2,07%
2008	1641	25031	6,56%	507	24034	2,11%
2009	1737	24953	6,96%	578	24002	2,41%
2010	1804	24561	7,34%	638	23713	2,69%
2011	1895	24299	7,80%	653	23393	2,79%
2012	1953	24113	8,10%	689	23185	2,97%
2013	2112	24097	8,76%	773	23231	3,33%
2014	2242	24284	9,23%	860	23372	3,68%
2015	2388	24476	9,76%	955	23572	4,05%
2016	2654	24728	10,73%	1063	23779	4,47%
2017	2909	25287	11,50%	1211	24185	5,01%
2018	2979	25613	11,63%	1292	24409	5,29%

Tafla 2. Ávísaðir dagskammtar (DDD/ 1000 íbúa á dag) örvandi lyfja(N06BA) til drengja og stúlkna á grunnskólaaldri 2003-2018

ÁR	Drengir	Mannfjöldi	DDD/1000 íbúa á dag	Stúlkur	Mannfjöldi	DDD/1000 íbúa á dag
2003	262798,4	25125	28,7	66444,2	23850	7,6
2004	338729,8	25391	36,5	93025,8	24019	10,6
2005	347689,8	25402	37,5	102813,3	24144	11,7
2006	429088,8	25214	46,6	134230,0	24136	15,2
2007	455304,9	25155	49,6	149051,2	24160	16,9
2008	482829,2	25031	52,8	150430,8	24034	17,1
2009	520621,9	24953	57,2	167576,6	24002	19,1
2010	555593,6	24561	62,0	174942,3	23713	20,2
2011	569590,2	24299	64,2	179057,0	23393	21,0
2012	590368,6	24113	67,1	184992,6	23185	21,9
2013	603933,3	24097	68,7	201467,8	23231	23,8
2014	624234,5	24284	70,4	215810,7	23372	25,3
2015	639542,1	24476	71,6	237356,0	23572	27,6
2016	717748,1	24728	79,5	265093,5	23779	30,5
2017	781689,7	25287	84,7	295067,3	24185	33,4
2018	721334,9	25613	77,2	272756,1	24409	30,6